



NORÐURORKA

Markaðs- og þjónustudeild - Rangárvöllum - 603 Akureyri

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/669
komudagur 3.12.2007

Símar 4601300 - 4601337 - 8621282 - netfang: hakur@no.is

Akureyri, 30. nóvember 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


**Efni: Umsögn Norðurorku hf. um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003
þskj. 43 - 43. mál**

Við erum ekki sammála þeirri tillögu sem fram kemur í frumvarpinu og þeim markmiðum sem hún felur í sér.

Raforkumarkaðurinn er samkeppnismarkaður og viðskipti á honum lúta sömu lögmálum og viðskipti á öðrum samkeppnismörkuðum. Því teljum við að ekki eigi að víkja til hliðar þeim ákvæðum sem þegar eru í upplýsingalögum um að heimilt sé að hafna afhendingu á gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni.

Ekki síst eiga þessi sjónarmið við í ljósi þess að framkvæmd upplýsingalaga hefur verið með þeim hætti, að heimilt er að veða önnur sjónarmið og hagsmuni við framangreinda fjárhags- eða viðskiptahagsmuni og þannig draga fram þær upplýsingar sem annars ættu leynt að fara. Með öðrum orðum þá eru þegar fyrir hendi heimildir til þess að láta reyna á þetta hagsmunamat og séu almannahagsmunir ríkir, geta þeir rýmt út fjárhags- og viðskiptahagsmununum. Teljum við að þessi leið sé fullnægjandi og tryggi hagsmuni allra þeirra aðila sem þá eiga. Úrskurður úrskurðarnefndar upplýsingalaga í málinu A-234/2006 er í raun staðfesting á þessu.

**Virðingarfyllt,
f.h. Norðurorku hf.**


Baldur Dýrfjörð hdl.